

Reykjavík, 23. maí 2024
UST202303-146/H.A.H.
08.00

Mengun á Heiðarfjalli

Samkvæmt þingályktun um hreinsun Heiðarfjalls sem samþykkt var á Alþingi 11. maí 2021, var umhverfis-, orku og loftlagsráðherra falið að gangast fyrir rannsókn á umfangi mengunar í jarðvegi og grunnvatni á Heiðarfjalli í Langanesbyggð vegna yfirgefinnar ratsjástöðvar bandaríska herliðsins. Ráðuneytið fól Umhverfisstofnun að halda utan um forkönnun á umfangi mengunar á Heiðarfjalli.

Í ársbyrjun 2022 vann Norwegian Geotechnical Institute (NGI) greinargerð fyrir Umhverfisstofnun þar sem greint var frá hvaða áframhaldandi rannsóknir þyrfti að fara í á Heiðarfjalli svo hægt væri að taka ákvörðun um mögulegar hreinsunaraðgerðir. Sú greinargerð var unnin út frá niðurstöðum rannsóknar sem framkvæmd var árið 2019 af Environmental Sciences Group, Royal Military College of Canada í Kingston Ontario. Sú rannsókn sýndi fram á að mengandi efni eru á svæðinu sem geta skapað hættu fyrir menn, dýr og náttúru.

Í bréfi Umhverfisstofnunar frá 7. febrúar 2022 til íbúa og landeiganda í nálægð við fjallið var upplýst um niðurstöður rannsóknarinnar, þ.e.a.s. að vitað væri af mengun á svæðinu og að frekari rannsóknir væru áætlaðar. Þar að auki setti Umhverfisstofnun upp skilti á svæðinu þar sem fram kemur að svæðið sé mengað og í ljósi þess sé fólk beðið að gæta fyllstu varúðar við ferðir um svæðið.

Í ágúst 2023 stóð Umhverfisstofnun fyrir ítarlegri rannsókn á dreifingu mengunar í jarðvegi sem og í yfirborðsvatni og grunnvatni á svæðinu. Rannsóknin var framkvæmd af Norwegian Geotechnical Institute (NGI). Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að PCB (sem er þrávirkt efni), blý, asbest og olíuefni eru til staðar í styrk langt umfram viðmiðunarmörk¹. Mengunin er staðbundin við svæðið í kringum rafsjárstöðina og ruslahauginn við hana ásamt því að dreifast með grunn- og yfirborðsvatni til suðurs.

Áhættumat sem framkvæmt var í kjölfarið sýnir að þessi tilteknu efni eru í það miklu magni á svæðinu að þau skapa heilsufarshættu fyrir fólk og dýr.

¹ Reglugerð um mengaðan jarðveg nr. 1400/2020, reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 769/1999 og directive 2008/105/EC of the Parliament and of the Council *Environmental quality standards in the field of water policy*.

Styrkur mengunar var það mikill í vatns og jarðvegssýnum að þörf er á frekari rannsóknum á þeim dýraafurðum sem eru á svæðinu og notaðar eru til neyslu.

Umhverfisstofnun vinnur nú að undirbúningi á frekari rannsóknum á dýraafurðum og forvinnu að undirbúningi á hreinsunaraðgerðum til að draga úr áhrifum mengunar á mannfólk, dýr og náttúru.

Virðingarfyllt,

Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir

sviðsstjóri

Heiðbjört Arney Höskuldsdóttir

sérfræðingur